



Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

Yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti

1. útgáfa, júní 2025

1. Samantekt

Lífeyrissjóður verzlunarmanna kt. 430269-4459 (LEI: 549300LF1HWXJWLRVC93), hér eftir LV eða lífeyrissjóðurinn, tekur að vissu marki tillit til helstu neikvæðu áhrifa af fjárfestingarákvörðunum sínum á sjálfbærniþætti. Þessi yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti nær yfir viðmiðunartímabilið 1. janúar 2024 til og með 31. desember 2024 og nær yfir hluta eignasafna sjóðsins.

Í þessari yfirlýsingu um helstu neikvæðu áhrif má sjá lýsingu á heildarnálgun LV til að greina, forgangsraða og takast á við helstu neikvæðu áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti. Um er að ræða fyrstu útgáfu lífeyrissjóðsins á umræddum upplýsingum í samræmi við framseldu reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 2022/1288 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019-2088 um upplýsingagjöf tengdri sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu. Viðaukarnir varða tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina atriði er varða efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við meginregluna um að „valda ekki verulegu tjóni“. Viðaukarnir tilgreina efni, aðferðarfræði, framsetningu upplýsinganna í tengslum við sjálfbærnivísa og neikvæð áhrif á sjálfbærni og efni, framsetningu upplýsinganna í tengslum við eflingu umhverfislegra eða félagslegra þátta og markmið um sjálfbæra fjárfestingu í skjölum áður en samningur er gerður á vefsíðum og í reglubundnum skýrslum.

Að greina og birta upplýsingar um helstu neikvæðu áhrif af fjárfestingum lífeyrissjóðsins er hluti af áreiðanleikakönnun og fjárfestingarferlum LV. Helstu neikvæðu áhrifin tengjast loftslags- og öðrum umhverfisvísium, félagslegum þáttum og starfsmannamálum, virðingu fyrir mannréttindum, og málum tengdum spillingar- og mútuvörnum eða stjórnarháttum.

Þessi yfirlýsing nær yfir öll 18 skylduviðmið SFDR úr töflu 1 um helstu neikvæðu áhrif og eftirfarandi tvö viðbótarviðmið um neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti:

Viðbótarloftslagsvísir úr töflu 2

Losun	4. Fjárfestingar í fyrirtækjum sem eru ekki með aðgerðir til að draga úr kolefnisútbæstri
--------------	---

Viðbótarvísar fyrir félags- og starfsmannatengd mál, virðingu fyrir mannréttindum og mál sem varða baráttuna gegn spillingu og mútum úr töflu 3

Félags- og starfsannamál	4. Hegðunarviðmið fyrir birgja ekki fyrir hendi
---------------------------------	---

Lífeyrissjóður verzlunarmanna er langtímafjárfestir sem leitast við að hámarka réttindi sjóðfélaga, að teknu tilliti til áhættu og arðsemi. Lífeyrissjóðurinn telur að langtímaverðmætasköpun felist í því að horfa á sjálfbærniþætti samhliða öðrum hefðbundnum lykilmælikvörðum við fjármálagreiningar og þar með taka tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingum sínum.

Lífeyrissjóðurinn styðst við ýmsa staðla þegar meta á áherslusvið og vægi sjálfbærniþátta fyrir mismunandi geira. Sjóðurinn hefur útbúið ramma sem styður við greiningar og virkt eignarhald. Til að greina frekar, forgangsraða og takast á við helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti í fjárfestingarferlinu, hefur LV birt fjölda stefna og upplýsinga sem hér er vísað til:

- Stefna um ábyrgar fjárfestingar, gefin út 2021
- Stefna um útilokun í eignasafni, gefin út 2021
- Hluthafastefna lífeyrissjóðs verzlunarmanna, uppfærð árið 2024.
- Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2025
- Árs- og sjálfbærnisýrsla Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2024

Við sjálfbærnigreiningar styðst LV við ýmsa staðla, svo sem SASB¹, TCFD² og PCAF³. Þá styðst LV einnig við UNGC⁴ við skimun á fyrirtækjum.

LV safnar gögnum um neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti ýmist beint frá útgefendum eða vefsvæðum þeirra og í gegnum gagnaveitur og fylgir eftir gagnasöfnun með samtölum ef þess þarf til að bæta gagnagæði. Með því að kalla eftir framangreindum gögnum ásamt því að reikna og greina þessa mælikvarða er LV í betri aðstöðu til þess að gera grein fyrir neikvæðum áhrifum fjárfestinga sjóðsins á sjálfbærniþætti. Upplýsingarnar sem hér á eftir fylgja ná yfir um 30% af heildareignasöfnum sjóðsins, eða um 38% af þeim eignaflokkum sem SFDR PAI nær til⁵. Aðeins er horft til innlendra eigna í fyrstu birtingu, og ef litið er til árslokastöðu innlendra eigna árið 2024 þá nær greiningin yfir 87% af heildarvirði þeirra. Áætlað er að LV muni birta í skrefum neikvæð áhrif af fjárfestingum sjóðsins á sjálfbærniþætti næstu árin samhliða betri gagnabekju og gagnagæðum.

¹ Sustainability Accounting Standards Board

² Task Force on Climate-related Financial Disclosures. Athugið að aðgerðahópurinn var leystur upp í október 2023. Í dag eru ráðleggingar TCFD hluti af stöðlum International Financial Reporting Standards (IFRS), nánar tiltekið S1 (General Requirements for Disclosure of Sustainability-related Financial Information) og S2 (Climate-related Disclosures).

³ The Partnership for Carbon Accounting Financials

⁴ The United Nations Global Compact

⁵ Reiðufé, peningamarkaðssjóðir, vissar ríkis- og sveitarfélagsútgáfur o.þ.h. eru undanskildar.

Birtingaráætlun er sem hér segir fyrir eftirfarandi eignaflokka:

2025

Innlendar eignir:

- Ríki
- Fjármálastofnanir
- Innlend skráð og óskráð félög, bein eign

2026

Erlendar eignir:

- Skráð hlutabréf
- Sérgreind söfn
- Hlutabréfasjóðir
- Skuldabréf og skuldabréfasjóðir

2027

Óskráðar eignir, innlendar og erlendar:

- Framtakssjóðir og aðrir sjóðir
- Skuldabréf

Tafla 1

Yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti

Vísar sem gilda um fjárfestingar í félögum sem fjárfest er í					
Vísir um neikvæða sjálfbærni	Mælistika	Áhrif 2024	Áhrif [n-1]	Skýring	Aðgerðir sem gripið er til og aðgerðir sem eru fyrirhugaðar og markmið sem sett eru fyrir næsta viðmiðunartímabil
LOFTSLAGSVÍSAR OG AÐRIR UMHVERFISTENGDIR VÍSAR					
Losun gróðurhúsalofttegunda	1. Losun GHL	Losun GHL, umfang 1	38.581 tCO ₂ i	Losun gróðurhúsalofttegunda er gefið upp sem tonn af kolefnisígildum sem LV hefur fjármagnað með fjárfestingum í félögunum innan umfangs útreikninganna.	LV hefur reiknað fjármagnað kolefnisfótspor fjárfestinga eignasafna sjóðsins fyrir tímabilið 2018 til dagsins í dag. Sjóðurinn hefur unnið markvisst að því undanfarin ár að auka gagnsæi í þessum málaflokki og birti í fyrsta sinn útreikninga samkvæmt PCAF aðferðafræði í ársskýrslu fyrir árið 2023, og í fyrsta sinn fyrir erlenda hluta eignasafnsins árið 2024.
		Losun GHL, umfang 2	1.525 tCO ₂ i		
		Losun GHL, umfang 3	110.967 tCO ₂ i		
		Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda	151.073 tCO ₂ i	Þessi mælikvarði er ekki aðeins háður magni losunar hjá félögunum sem LV fjárfestir í, heldur hefur eignarhlutdeild (þ.e. vægi fjárfestingar LV sem hlutfall af virði félagsins) einnig áhrif. Eftir því sem losunin er meiri og vægi eignarhalds er stærra því hærri verður mælikvarðinn.	LV er ekki með aðgerðaáætlun sem stuðlar að minnkun fjármagnaðs kolefnisfótspors.
				Gagnaþekja er góð þar sem gögn eru til staðar fyrir 98% eigna innan umfangs útreikninganna, þ.e. vægi bókfærðs virðis af þeim innlendu útgefendum sem eru skoðaðir nú.	
	2. Kolefnisspor	Kolefnisspor	Umfang 1 og 2: 16,29 tCO ₂ i/EURm fjárfest	Kolefnisfótspor er gefið upp sem tonn kolefnisígilda í hlutfalli við lokastöðu eignasafna LV í árslok 2024 í milljónum evra.	Sjóðurinn vinnur að greiningu á eignasöfnum sjóðsins til þess að meta
			Umfang 1,2 og 3:		

		61,35 tCO ₂ i/EURm fjárfest			lykilmælikvarða og möguleg markmið til þess að stuðla að mildun loftslagsáhættu sem fjárfestingar sjóðsins eru útsettar fyrir.
3. Styrkur GHL hjá félögum sem fjárfest er í	Styrkur GHL hjá félögum sem fjárfest er í	Umfang 1 og 2: 51,32 tCO ₂ i/EURm tekna sem fjárfest er í Umfang 1, 2 og 3: 113,04 tCO ₂ i/EURm tekna sem fjárfest er í		Styrkur losunar gróðurhúsalofttegunda er gefið upp sem tonn kolefnisígilda í hlutfalli við tekjur félaganna sem fjárfest er í milljónum evra.	LV hefur sett sér markmið um virkt eignarhald í hluthafastefnu sinni sem finna má á heimasíðu sjóðsins.
4. Áhættu- skuldbindingar gagnvart félögum sem starfa í jarðefnaeldsneytis- geiranum	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem eru virk í jarðefnaeldsneytis- geiranum	13,21% fjárfestinga eru virk í jarðefna- eldsneytisgeiranum		Hlutdeild fjárfestinga LV í félögum sem eru virk í vinnslu, sölu eða dreifingu á jarðefnaeldsneyti er 13,21% (tvö félög) af þeim félögum innan umfangs útreikninga. Með hlutdeild fjárfestinga er átt við vægi eignanna í eignasöfnum LV eftir að búið er að leiðrétta fyrir gagnaþekju, þ.e. aðeins er horft til innlendra félaga þar sem gögn eru til staðar. Aðeins lágu upplýsingar fyrir frá 50% félaganna.	LV útilokar tiltekna vinnslu og framleiðslu jarðefnaeldsneytis. Innlend félög sem nú eru skoðuð eru ekki á útilokunarlista miðað við þau viðmið sem sjóðurinn hefur sett sér. Stefnu um útilokun fjárfestingakosta má finna á heimasíðu lífeyrissjóðsins. LV hefur ekki átt í samtölum við félögin um þennan tiltekna mælikvarða. LV hefur sett sér markmið um virkt eignarhald í hluthafastefnu sinni sem finna má á heimasíðu sjóðsins. Fá innlend félög eru virk í vinnslu, sölu eða dreifingu á jarðefnaeldsneyti. Því má gera ráð fyrir

				hlutdeild okkar muni lækka með aukinni gagnabekju í framtíðinni sem sjóðurinn vinnur markvisst að til að bæta.
5. Hlutdeild í notkun og framleiðslu á óendurnýjanlegri orku	Hlutdeild í notkun og framleiðslu á óendurnýjanlegri orku félaga, sem fjárfest er í frá óendurnýjanlegum orkugjöfum samanborið við endurnýjanlega orkugjafa, gefið upp sem hlutfall af heildarorkugjöfum	Hlutdeild í notkun á óendurnýjanlegri orku félaga sem fjárfest er í: 28% Hlutdeild í framleiðslu á óendurnýjanlegri orku félaga sem fjárfest er í: 0%	Hlutdeild fjárfestinga LV í óendurnýjanlegri orkunotkun félaga er 28%. Endurnýjanlegir orkugjafar sem eru ekki jarðefnaeldsneyti eru hér vindorka, sólarorka (sólarvarmaorka og sólarraforka) og jarðvarmaorka, umhverfisorka, öldu- og sjávarfallaorka og önnur sjávarorka, vatnsorka, lífmassi, hauggas, gas frá skólphreinsunarstöðvum og lífgas. Með óendurnýjanlegum orkugjöfum er átt við um alla aðra orkugjafa en þá sem um getur hér að ofan. Með hlutdeild fjárfestinga er átt við vægi eignanna í eignasöfnum LV eftir að búið er að leiðrétta fyrir gagnabekju, þ.e. aðeins er horft til innlendra félaga þar sem gögn eru til staðar. Aðeins lágu upplýsingar fyrir frá 48% félaganna. Ekkert fyrirtækjanna í innlendum eignasöfnum LV framleiðir óendurnýjanlega orku. Orkunotkunin er gefin upp sem gígavattsstundir í hlutfalli við tekjur félaganna sem fjárfest er í, í milljónum evra. Orkunotkuninni er skipt upp skv. ÍSAT atvinnugreinaflokkunum fyrir atvinnugreinar sem hafa mikil	Sjávarútvegsfyrirtæki og flutningsfyrirtæki vega þyngst í þessum mælikvarða í söfnum LV þar sem þau nota mikið af óendurnýjanlegum orkugjöfum í sinni starfsemi. LV hefur ekki átt í samtölum við félög um aðgerðir til auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa. LV hefur sett sér markmið um virkt eignarhald í hluthafastefnu sinni sem finna má á heimasíðu sjóðsins.
6. Orkunotkun á hvern loftslagsgeira með mikil áhrif	Orkunotkun í GWh á hverja milljón evra af tekjum félaga sem fjárfest er í eftir hverjum loftslagsgeira sem veldur miklum áhrifum	Bálkur A: 0,12 GWh/EURm tekna félaga sem fjárfest er í Bálkur C: 0,01 GWh/EURm tekna félaga sem fjárfest er í	Orkunotkunin er gefin upp sem gígavattsstundir í hlutfalli við tekjur félaganna sem fjárfest er í, í milljónum evra. Orkunotkuninni er skipt upp skv. ÍSAT atvinnugreinaflokkunum fyrir atvinnugreinar sem hafa mikil	Aðeins gildi stærri en 0 miðað við 2 aukastafi eru birt í <i>Áhrif-dálknum</i> . Því eru bálgar B, D, E, F og H ekki meðtaldir.

8

Vatn 8. Losun í vatni Tonn af losun í vatn frá félögum sem fjárfest er í á hverja milljón evra sem fjárfest er, gefið upp sem vegið meðaltal 0 tonn / EURm tekna félaga sem fjárfest er í	verndaðra svæða eða vegna líffræðilegrar fjölbreytni. Mælikvarðinn er gefinn upp sem tonn í hlutfalli við tekjur félaga sem fjárfest er í, í milljónum evra. Tegund efna er skilgreind í viðauka reglugerðarinnar, en um er að ræða (ekki tæmandi listi) meðal annars: • Nítröt (nitrates) • Fosföt (phosphates) • Skordýraeitur (pesticides) og forgangsefni samkvæmt tilskipun 2000/60/EB. • Þungmálmar (t.d. kvikasilfur, blý, kadmíum) • Lífræn mengunarefni, t.d.: ○ Lífræn súrefnisþörf (BOD) ○ Efnafræðileg súrefnisþörf (COD) • Köfnunarefnissambönd • Fosfórsambönd Aðeins 10 félög með 13% vægi birta upplýsingar um þennan mælikvarða.	Því má ætla að með virku samtali við félög og aukinni upplýsingagjöf hækki þetta hlutfall með tímanum. LV hefur sett sér markmið um virkt eignarhald í hluthafastefnu sinni sem finna má á heimasíðu sjóðsins. LV telur upplýsingagjöf ábótavant innan ákveðinna atvinnugreina þar sem þessi mælikvarði á sérstaklega við og telur tækifæri til að bæta gæði gagna. LV hefur sett sér markmið um virkt eignarhald í hluthafastefnu sinni sem finna má á heimasíðu sjóðsins.

				Aðeins eitt félag af þessum tíu gaf upp gildi hærra en núll, og losun í vatn frá því félagi er hverfandi.	
Úrgangur	9. Hættulegur úrgangur og hlutfall geislavirks úrgangs	Tonn af hættulegum úrgangi og geislavirkum úrgangi sem myndast í félögum sem fjárfest er í á hverja milljón evra sem fjárfest er í, gefið upp sem vegið meðaltal	358 tonn/ EURm tekna félaga sem fjárfest er í	Mælikvarðinn er gefinn upp sem tonn í hlutfalli við tekjur félaga sem fjárfest er í, í milljónum evra.	Gögn fyrir þennan lið eru mjög takmörkuð og gagnagæðum ábótavant. LV hefur því ekki haft möguleika á því að sannreyna áreiðanleika gagnanna sem notuð eru í útreikninganna.
				Aðeins 13 félög með 21% vægi innan umfangs útreikninga birta upplýsingar um þennan lið. Af þeim má sjá að hlutdeild LV í hættulegum úrgangi er 358 tonn /EURm tekna félaga sem fjárfest er í og er það rakið að mestu til eins félags.	LV hefur ekki sett sér markmið tengt þessum mælikvarða. LV hefur sett sér markmið um virkt eignarhald í hluthafastefnu sinni sem finna má á heimasíðu sjóðsins.

VÍSAR FYRIR FÉLAGS- OG STARFSMANNATENGÐ MÁL, VIRÐINGU FYRIR MANNRÉTTINDUM, MÁL SEM VARÐA BARÁTTUNA GEGN SPILLINGU OG MÚTUM

Félags- og starfsmannamál	10. Brot á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í sem hafa brotið í bága við meginreglur Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum eða viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki	0% brotleg	Af þeim félögum sem eru skoðuð, eða um 72% innan umfangs útreikninga, hefur ekkert þeirra orðið uppvíst að broti á meginreglum Sameinuðu þjóðanna, UNGC.	LV útilokar félög sem gerast uppvís að brotum á meginreglum UNGC, eins og sjá má í stefnu sjóðsins um útilokun á fjárfestingarkostum.
				Athugið að upplýsingarnar miðast við opinber gögn og LV hefur því ekki lagt mat á það hvort um brot sé að ræða í gegnum aðrar tegundir gagna, t.d. dómsmál eða fjölmiðlaumfjöllun.	

11. Skortur á verklagsreglum og reglufylgniaðferðum til að vakta fylgni við meginreglur Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í sem eru án stefnu um eftirlit með því hvort þau fylgi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum eða viðmiðunarreglum Efnahags - og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki eða fyrirkomulagi fyrir meðhöndlun á kvörtunarmálum/kvörtun um til að taka á brotum á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglum Efnahags - og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki	22% án stefnu	Hlutdeild fjárfestinga LV í félögum sem ekki hafa stefnu til að fylgjast með að farið sé eftir meginreglum UNGC eða viðmiðunarreglum OECD er 22%. Birtar tölur ná til 23 félaga sem gáfu þessar upplýsingar upp, eða 50% af þeim félögum sem eru innan umfangs útreikninga.	LV útilokar félög sem gerast uppvís að brotum á meginreglum UNGC, eins og sjá má í stefnu sjóðsins um útilokun á fjárfestingarkostum LV telur tilefni til virks samtals við félög hvað varðar aðlögun að meginreglum Sameinuðu þjóðanna. Einnig er mikilvægt að samhliða stefnu sé til staðar fyrirkomulag fyrir meðhöndlun á kvörtunarmálum og/eða brotum á þessum reglum.
12. Óleiðréttur launamunur kynjanna	Meðaltal óleiðréttis launamunar kynjanna hjá félögum sem fjárfest er í	1,18% óleiðréttur launamunur kynjanna	Hlutdeild LV í óleiðréttum launamuni kynjanna er 1,18% (meðaltal óleiðréttis launamunar margfaldað með hlutdeild LV í félögum). Upplýsingar um þennan mælikvarða eru með ágætum hjá skráðum innlendum félögum og ná þau til 23 félaga sem samsvara 67% vægi innan umfangs útreikninga.	Þegar félög eru skimuð er athugað hvort þau séu með jafnlaunastefnu, óleiðréttur launamunur kynjanna er einn lykiláhættuvísir sem LV horfir til við mat á fjárfestingarkostum. Almennt má finna þessar upplýsingar hjá skráðum félögum, en tilefni er til að eiga samtal við óskráð félög

				um að bæta birtingu á þessum upplýsingum.
13. Kynjafjölbreytni innan stjórnar	Meðaltalshlutfall kvenkyns og karlkyns stjórnarmanna í félögum sem fjárfest er í, gefið upp sem hlutfall allra stjórnarmanna	42,45% stjórnarmann eru konur.	Meðaltalshlutfall kvenkyns stjórnarmanna í þeim félögum sem upplýsingarnar ná yfir eru 42,45% (reiknast sem meðaltalshlutfall kvenkyns stjórnarmanna margfaldað með hlutfelli LV í félögunum). Vægi undirliggjandi félaga er 100% af þeim sem upplýsingagjöfin nær til eða samtals 36 félög.	Í 1. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög segir að í stjórnnum opinberra hlutafélaga og hlutafélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír í slíkum félögum skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Þá hefur LV gefið út hluthafastefnu þar sem vísað er til framangreinds sem og leiðbeininga um góða stjórnarhætti þar sem kveðið er á um að kynjahlutföll í stjórn séu sem jöfnust.
14. Áhætta gagnvart umdeildum vopnum (jarðsprengjum, klasasprengjum, efnavopnum og sýklavopnum)	Hlutféild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í sem fást við framleiðslu eða sölu á umdeildum vopnum	0% í umdeildum vopnum	Með umdeildum vopnum er átt við framleiðslu eða sölu á jarðsprengjum, klasasprengjum, efnavopnum og sýklavopnum. Hlutféild fjárfestinga LV í fyrirtækjum sem framleiða eða selja umdeild vopn er 0% fyrir þann hluta eignasafnanna sem nú er birtur. Gögnin ná til 50% af félögunum sem eru innan umfangs útreikninga.	LV hefur birt stefnu um útilokun fjárfestingarkosta. Stefnan nær meðal annars til útilokunar á félögum sem rekja hluta tekna sinna til framleiðslu á umdeildum vopnum.

Þessi mælikvarði á takmarkað við um starfsemi á Íslandi, enda engin innlend félög í eignasöfnum LV sem starfa við framleiðslu á umdeildum vopnum eða íhlutum í slík vopn.

VÍSAR SEM GILDA UM FJÁRFESTINGAR Í FULLVALDA RÍKJUM OG YFIRÞJÓÐLEGUM STOFNUNUM

Umhverfisþættir	15. Styrkur gróðurhúsa-lofttegunda	Styrkur gróðurhúsalofttegunda í löndum sem fjárfest er í	Án LULUCF: 26,82 tCO2í//EURm VLF sem fjárfest er í Með LULUCF: 72,76 tCO2í//EURm VLF sem fjárfest er í	Mælikvarðinn er gefinn upp sem tonn kolefnisígilda sem hlutfall af vergri landsframleiðslu í milljónum evra. Aðeins er eitt land innan umfangs útreikninganna í þessari birtingu, þ.e. útgáfur Ríkissjóðs Íslands. Útgáfur ríkissjóðs nema um 15% af vægi innlendra eignasafna LV. Tölur um losun Íslands eru frá 2023, en tölur fyrir 2024 eru ekki enn aðgengilegar. LULUCF er skammstöfun á skuldbindingaflokknum Land use, land-use change and forestry þar sem losun og binding frá landnotkun fellur undir. Þessi losun kemur frá ýmsum uppsprettum, t.d. framræstu votlendi, og á binding sér einnig stað, sérstaklega í trjám.	LV hefur ekki sett sér markmið tengt þessum mælikvarða. Reikna má með því að með tímanum þegar erlendar ríkisútgáfur bætast við umfang útreikninga LV þá mun gildi þessa mælikvarða hækka.
	16. Lönd sem fjárfest er í sem falla undir félagsleg brot	Fjöldi landa sem fjárfest er í sem falla undir félagsleg brot (algild tala og hlutfallsleg tala deilt með öllum löndum sem fjárfest er í), eins og vísað er til í alþjóðlegum milliríkjasamningum og sáttmálum, meginreglum	Algild tala: 0 lönd. Hlutfallsleg tala: 0% landa.	Aðeins er eitt land innan umfangs útreikninganna í þessari birtingu, þ.e. útgáfur Ríkissjóðs Íslands. Útgáfur ríkissjóðs nema um 15% af vægi innlendra eignasafna LV. Skilgreiningin á félagslegum brotum er víðtæk en snýr að mestu að þremur aðskildum	LV hefur ekki sett sér markmið tengt þessum mælikvarða. Reikna má með því að með tímanum þegar erlendar eignir bætast við umfang útreikninga

	Sameinuðu þjóðanna og innlendum lögum þar sem við á	þáttum ef litið er til meginreglna Sameinuðu þjóðanna.	LV þá muni gildi þessa mælikvarða hækka.
		• Átök, þ.m.t. stríðsátök, svæðisbundin átök. • Kúgun, þ.m.t. ritskoðun ríkis á tjáningu almennings, útgefnu efni t.d. fjölmiðla eða háskóla, eða bann við friðsæmum mótmælum.	
		Spilling, þ.m.t. gjafir og mútugreiðslur til ríkis- og/eða embættismanna.	

VÍSAR SEM GILDA UM FJÁRFESTINGAR Í FASTEIGNUM

Jarðefna-eldsneyti	17. Áhætta gagnvart jarðefnaeldsneyti	Hlutdeild fjárfestinga í NA fasteignum sem tengjast námuvinnslu, geymslu, flutningi eða framleiðslu á jarðefnaeldsneyti	Þessi mælikvarði á ekki við þar sem LV fjárfestir ekki beint í fasteignum.
Orku-nýtni	18. Áhætta gagnvart fasteignum með lélegri orkunýtingu	Hlutdeild fjárfestinga í NA fasteignum með lélegri orkunýtingu	Þessi mælikvarði á ekki við þar sem LV fjárfestir ekki beint í fasteignum.

Tafla 2

Viðbótarloftslagsvísar og aðrir umhverfistengdir vísar

	Vísir um neikvæða sjálfbærni	Mælistika	Vísar sem gilda um fjárfestingar í félögum sem fjárfest er í			Aðgerðir sem gripið er til og aðgerðir sem eru fyrirhugaðar og markmið sem sett eru fyrir næsta viðmiðunartímabil
			Áhrif 2024	Áhrif [n-1]	Skýring	
Losun gróðurhúsalofttegunda	4. Fjárfestingar í félögum sem ekki eiga frumkvæði að minnkun kolefnislosunar	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í sem ekki eiga frumkvæði að minnkun kolefnislosunar sem miðast við að samræmast Parísarsamningnum	76% félaga eiga ekki frumkvæði að minnkun losunar.		Um 76% félaga sem LV fjárfestir í eru ekki með frumkvæði að minnkun losunar.	Hér er um að ræða mælikvarða sem LV metur fyrir félög sem starfa í atvinnugreinum sem eru mjög útsettar fyrir loftslagsáhættu.
					Metin voru markmið og umhverfisstefnur 31 félags sem vega um 91% af eignum innan umfangs útreikninga. Fimm þessara félaga voru með fullnægjandi markmið um minnkun losunar.	
					Aðeins loftslagsmarkmið sem hafa verið staðfest af Science Based Targets samtökunum (e. targets set) eru metin marktæk þegar kemur að þessum mælikvarða.	
						Íslensk félög leggja almennt ekki jafn mikla áherslu á markmið um minnkun losunar samanborið við erlenda markaði. Þó má nefna að fjögur fyrirtæki með um 31% vægi innlenda safnsins hafa sett sér markmið um minnkun losunar í gegnum Science Based Targets samtökin (e. committed).
						Tilfni er til virks samtals um markmið um minnkun losunar við viðeigandi félög sem starfa í atvinnugreinum sem eru taldar mjög útsettar fyrir loftslagsáhættu.

Tafla 3

Viðbótarvísar fyrir félags- og starfsmannatengd mál, virðingu fyrir mannréttindum, mál sem varða baráttuna gegn spillingu og mútum

	Vísir um neikvæða sjálfbærni	Mælistika	Vísar sem gilda um fjárfestingar í félögum sem fjárfest er í			Aðgerðir sem gripið er til og aðgerðir sem eru fyrirhugaðar og markmið sem sett eru fyrir næsta viðmiðunartímabil
			Áhrif 2024	Áhrif [n-1]	Skýring	
Félags- og starfsmannamál	4. Hegðunarviðmið birgja ekki fyrir hendi	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í sem engin hegðunarviðmið birgja gilda um (gegn ótryggum vinnuskilyrðum, ótraustri vinnu, barnavinnu og nauðungarvinnu).	5,98% hafa ekki hegðunarviðmið fyrir birgja		Hlutdeild fjárfestinga LV í félögum sem hafa engar siðareglur fyrir birgja er 5,98%.	LV tekur mið af viðmiðunarreglum UNGC og skimar m.a. fyrir því hvort að félög hafi siðareglur birgja til staðar.
					Upplýsingar liggja fyrir frá 75% af félögum sem eru innan umfangs útreikninga.	LV hefur átt samtöl við félög um meðhöndlun birgja og áhættu við aðfangakeðjur og mun halda því áfram þegar tilefni er til. LV hefur sett sér markmið um virkt eignarhald í hluthafastefnu sinni sem finna má á heimasíðu sjóðsins.